



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsi v. Vonarstræti
101 REYKJAVÍK

Kópavogur, 18.05.2017

1504009 PG

Varðar: **Tillögu að samkomulagi um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum**

Á stjórnarfund SSH hinn 8. maí s.l. lá fyrir tillaga skólamálanefndar SSH að samkomulagi sveitarfélaganna um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum.

Stjórn SSH samþykkti að leggja til við aðildarsveitarfélögin að samkomulagið verði samþykkt.

Tillagan fylgir hjálagt.

Virðingarfyllst,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) Tillaga að samkomulagi um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær gera með sér svofellt

Samkomulag

um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum

1. gr.

Markmið

Markmið þessa samkomulags er að sveitarfélög búi yfir réttum upplýsingum um fjölda barna hjá hverju dagforeldri með því að fá upplýsingar um fjölda barna, sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, en eru í daggæslu í heimahúsi í viðkomandi sveitarfélagi. Slík upplýsingamiðlun stuðlar að því að sveitarfélögin geti sinnt lögboðnu eftirliti með starfsemi dagforeldra, sbr. 4. gr. og 35. gr. reglugerðar um daggæslu í heimahúsum, nr. 907/2005.

Markmið samkomulagsins er enn fremur að sveitarfélög fái upplýsingar frá öðrum sveitarfélögum um dagforeldra sem flytja á milli sveitarfélaga og sækja um nýtt leyfi í nýju sveitarfélagi. Slík upplýsingamiðlun stuðlar að því að ákvarðanir félagsmálanefnda um leyfisveitingu séu byggðar á réttum grunni, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 907/2005.

2. gr.

Upplýsingar um fjölda barna

Sveitarfélög skulu halda utan um upplýsingar vegna barna, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og eru í daggæslu í heimahúsi í öðrum sveitarfélögum. Upplýsingum skal miðlað til viðkomandi sveitarfélags.

Sveitarfélag A skal miðla eftirfarandi upplýsingum til sveitarfélags B:

1. Nöfn dagforeldra í sveitarfélagi B sem eru með börn í gæslu frá sveitarfélagi A.
2. Fjöldi barna frá sveitarfélagi A sem eru í dvöl hjá hverju dagforeldri í sveitarfélagi B.
3. Upphafstími dvalar hvers barns.

Miðlun upplýsinga skal fara fram að lágmarki fjórum sinnum á ári, eigi síðar en í lok mars, lok júní, lok september og lok desember, og þegar þess er óskað.

3. gr.

Umsögn um dagforeldri

Komi fram beiðni frá öðru sveitarfélagi, sem hefur til afgreiðslu umsókn um leyfi til daggæslu í heimahúsi, skal sveitarfélag veita umsögn um dagforeldri, hafi umsækjandi haft leyfi til daggæslu barna í heimahúsum í sveitarfélaginu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 907/2005.

Í umsögn skal upplýst um lengd starfstíma, fjölda kvartana og meðaldvalartíma barna hjá viðkomandi dagforeldri.

4. gr.

Miðlun upplýsinga

Ávallt skal gæta að því að miðlun upplýsinga fari fram með öruggum hætti og gætt sé að ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

5. gr.

Gildistaka

Samkomulag þetta er ótímabundið og tekur gildi við undirritun.

Kópavogi, _____

F.h. Garðabæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

Viðtakandi:
Reykjavíkurborg
Borgarráð

Reykjavík, 14. júní 2017

Í kjölfar samkomulags sveitarfélaga um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum, óskar Barnavistun, félag dagforeldra, eftir að koma eftirfarandi athugasemdum og spurningum á framfæri við aðila ofangreinds samkomulags.

Fram kemur í 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins að í umsögn sveitarfélags skuli m.a. upplýst um fjölda kvartana hjá viðkomandi dagforeldri. Í því samhengi óskar Barnavistun eftir því að aðilar samkomulagsins útskýri nánar hvað teljist til slíkra kvartana og hvernig aðilar samkomulagsins hyggist fara með slíkar tölur, s.s. hvaða tölur teljist ásættanlegar.

Ástæða þessara spurninga er sú að kvartanir geta verið af ýmsum toga og eðli þeirra misjafnt.

- Verður lagt að jöfnu hvort heldur um ræðir kæru, skriflega ábendingu eða innhringingu fyrirspurnar í umvöndunartóni?
- Ef fjölda kvartana er ætlað að hafa áhrif á afgreiðslu umsóknar um leyfi til daggæslu, er þá ekki eðlilegt að dagforeldrar viti fyrirfram hvar þau mörk liggja, svo meginreglum stjórnsýsluréttar sé fullnægt?
- Mun dagforeldri gefast réttur til skýringa ef sveitarfélag telur fjölda kvartana yfir ásættanlegum mörkum?

Virðingarfyllst,
f. h. Barnavistunar
Guðný Ólafsdóttir

P.S. Ofangreint var áður sent Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar hinn 28. febrúar 2017, en engin svör hafa borist frá Reykjavíkuborg.



Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Umsögn um samkomulag um miðlun upplýsinga vegna daggæslu barna í heimahúsum

Við er til umsagnarbeiðni skrifstofu borgarstjóra, dags. 5. júlí 2017, varðandi samkomulag Samtaka sveitarfélaga um miðlun upplýsinga vegna daggæslu í heimahúsum.

Til samræmis við það sem fram kemur í 1. gr. samkomulagsins er markmið þess að sveitarfélög búi yfir réttum upplýsingum um fjölda barna hjá hverju dagforeldri með því að fá upplýsingar um fjölda barna, sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum en eru í daggæslu í heimahúsi í viðkomandi sveitarfélagi. Tilgangurinn er að lögboðnu eftirliti með starfsemi dagforeldra verði sinnt til samræmis við 4. og 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsum. Jafnframt er markmiðið að sveitarfélög fái upplýsingar frá öðrum sveitarfélögum um dagforeldra sem flytja á milli sveitarfélaga og sækja um nýtt leyfi í nýju sveitarfélagi. Slík upplýsingamiðlun stuðlar að því að ákvarðanir félagsmálanefnda um leyfisveitingu séu byggðar á réttum grunni, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 907/2005.

Í tengslum við undirbúning samkomulags þessa var haldinn fundur á skóla- og frístundasviði þann 14. febrúar 2017 með Barnavistun, félagi dagforeldra og Barninu, félagi dagforeldra í Reykjavík. Á fundinum voru drög að samkomulaginu kynnt og félögunum gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau.

Athugasemdir bárust frá Barnavistun þann 28. febrúar 2017 þar sem meðal annars var óskað skýringa á því hvað falli undir kvörtun í skilningi samkomulagsins og hvort andmælaréttur yrði veittur. Af hálfu Barnsins var upplýst að félagið hefði lagt fyrir Persónuvernd spurningu um lögmæti vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt samkomulaginu.

Svar Persónuverndar til félagsins var áframsent sviðinu þann 9. ágúst sl. Þar kemur fram að stofnunin geti ekki í svari við almennri fyrirspurn veitt staðfestingu á því að tiltekin framkvæmd samrýmdist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá er tekið fram að öll vinnsla persónuupplýsinga þurfi að styðjast við einhverja af þeim heimildum sem taldar eru upp í 8. gr. laga nr. 77/2000. Í tilviki umræddrar vinnslu kæmi helst til álita ákvæði 1. tölul., um samþykki fyrir vinnslu, ákvæði 7. tölul., um að vinnsla sé nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra og ákvæði 3. tölul., um að vinnsla sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Við mat á því hvort síðasta heimildin eigi við geti þurft að líta til laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum. Það sé ábyrgðaraðila, þ.e. sveitarfélags, að meta hverju sinni hvort tiltekin heimild standi til vinnslu persónuupplýsinga. Matið geti svo sætt

endurskoðun Persónuverndar.

Á stjórnarfundum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þann 8. maí 2017 var samþykkt að leggja til við aðildarsveitarfélögin að samkomulagið yrði samþykkt.

Í Reykjavík verður gert ráð fyrir að umsagnir samkvæmt 3. gr. samkomulagsins verði á hendi daggæsluráðgjafa í þjónustumiðstöðvum.

Telja verður rétt að við veitingu upplýsinga um fjölda kvartana samkvæmt 3. gr. samkomulagsins verði gerður greinarmunur á kvörtunum sem lúta að aðbúnaði og húsnæði annars vegar og samskiptum eða umönnun hins vegar. Þá verði þess almennt getið hvort sveitarfélag telji að kvartanir hafi áhrif á hæfni viðkomandi.

Þá felst það í 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að umsækjandi á rétt á að tjá sig um upplýsingar áður en ákvörðun er tekin í máli, ef stjórnvald hefur aflað þeirra frá öðru stjórnvaldi, umsækjanda er ókunnugt um upplýsingar, telja verður að þær séu honum í óhag og hafi verulega þýðingu við úrlausn máls. Í samræmi við það bæri að gefa umsækjanda færi á að tjá sig, áður en tekin yrði ákvörðun um að hafna útgáfu leyfis til daggæslu, á þeim grundvelli að umsögn annars sveitarfélags bæri með sér að viðkomandi væri ekki hæfur.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs